



Til:  
Efni:  
Upplýsingar:

"Jakob Gunnarsson" <jakob@skipulag.is>, "Egill Þórarinnsson" <Egill@skipulag.is>  
Fw: Hálendismiðstöð í Kerlingarfjöllum, Hrunamannahreppi - beiðni um umsögn  
Sent: 25.07.2018 14:50:16 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018060041, Bréfalyklar: 42-2 Umsögn um matssskýrslur/matsáætlanir

Tilvísun í mál: 2018060041

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 25. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frummatsskýrslu um hálendismiðstöð í Kerlingarfjöllum, Hrunamannahreppi. Umsagnaraðilar eru sérstaklega beiðni um, út frá starfssviði þeirra, að gera grein fyrir því hvort þeir telji að gerð sé grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar og áhrifum framkvæmdarinnar á fullnægjandi hátt sem og mótvægisáðgerðum og vöktun eða hvort frekari upplýsinga sé þörf. Beiðist er velvirðingar á því hve dregist hefur að svara erindinu. Rétt er að taka fram að Náttúrufræðistofnun er ábyrg fyrir Viðauka 1 við frummatsskýrsluna, Gróðurfar og jarðminjar, NÍ-16006.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir frummatsskýrsluna og telur, út frá starfssviði stofnunarinnar, að miðað við eðli og umfang framkvæmdarinnar og staðsetningu hálendismiðstöðvarinnar á svæði sem þegar er í notkun sem ferðapjónustusvæði, að þá sé gerð grein fyrir framkvæmdinni og umhverfisáhrifum hennar á fullnægjandi hátt svo leggja megi fram endanlega matssskýrslu. Jafnframt telur stofnunin að búið sé að gera grein fyrir þeim helstu mótvægisáðgerðum sem eru mögulegar í þessari framkvæmd en þær byggja að miklu leiti á því að annars vegar sé vel staðið að framkvæmdinni almennt, ekki síst hvað snertir rask, útlit og ásýnd hálendismiðstöðvarinnar og hins vegar að allar mótvægisáðgerðir sem snúa að því að koma í veg fyrir að aukið álag vegna ferðamanna séu vel útfærðar. Í því felst m.a. að vöktun og eftirlit og innra skipulag, innviðir, séu með þeim hætti að komið sé í veg fyrir skemmdir á náttúru svæðisins. Þrátt fyrir að stofnunin telji að almennt sé nægjanleg vel gerð grein fyrir flestum þáttum í frummatsskýrslunni þá hefði mátt gera betur grein fyrir hvaða þættir nákvæmelga verði vaktaðir og hvernig. Á það ber þó að líta að fram kemur í frummatsskýrslunni að til stendur að friðlýsa Kerlingarfjöll og ekki ástæða til annars en að ætla að svo verði. Að friðlýsingu lokinni mun ábyrgð á umsýslu með svæðinu í heild færast að miklu leiti til Umhverfisstofnunar og hvað vöktun snertir er það hlutverk hennar og Náttúrufræðistofnunar að gera vöktunaráætlun fyrir friðlýst svæði þ.m.t. Kerlingarfjöll. Það verður hins vegar ekki gert nema í samvinnu við rekstraraðila á svæðinu og sveitarstjórn en rekstraraðilar munu örugglega þurfa að bera ábyrgð á hluta vöktunarinnar þ.e. á þeim svæðum sem þeir hafa til umráða sbr. tillögur í frummatsskýrslunni.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)  
212 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is



## Bréf

---

### Hálendismiðstöð í Kerlingarfjöllum, Hrunamannahreppi - beiðni um umsögn

Málsnúmer: 2018060041

Númer skjals:

Skráð: 28. júní 2018

Eigandi skjals: Trausti Baldursson

#### Auðkenni

Efnisflokkur skjals:

Dagsetning skjals:

Staðsetning skjals:

Fyrirtæki: Skipulagsstofnun

Nafn: Egill Þórarinnsson

#### Vinnsla

Staða: Í vinnslu

Geymslustaður skjals:

Hálendismiðstöð í Kerlingarfjöllum, Hrunamannahreppi - beiðni um umsögn

Meðfylgjandi er:

Hálendismiðstöð í Kerlingarfjöllum, Hrunamannahreppi

Mat á umhverfisáhrifum

Mannvit - Kerlingarfjöll

Fannborg ehf.

Frummatsskýrsla

Júní 2018.

#### Viðhengi:

[attachment "Hálendismiðstöð í Kerlingarfjöllum, Hrunamannahreppi.tif" deleted by Trausti

Baldursson/NI.IS] [attachment "Frummatsskýrsla hálendismiðstöð Kerlingarfjöllum.pdf" deleted by Trausti

Baldursson/NI.IS] [attachment "Viðauki 1 Gróðurfar og jarðminjar.pdf" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS]

[attachment "Viðauki 2 LT Þolmarkarannsókn 2015.pdf" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS] [attachment

"Viðauki 3 Áhrif á ferðamennsku.pdf" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS] [attachment "Viðauki 4

Ásýndarmyndir-2.pdf" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS]